

## 6. gr.

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Leita skal umsagnar stjórnar Sálarrannsóknarfélags Íslands um styrkveitingu hverju sinni, enda geri styrkbeiðandi grein fyrir áformum sínum og skili greinargeð að lokinni rannsókn, hljóti hann styrkinn.

## 7. gr.

Úr sjóðnum má veita árlega og þá allt að  $\frac{4}{5}$  hlutum vaxta sjóðsins næsta ár á undan, en  $\frac{1}{5}$  hluti leggist ávallt við höfuðstólinn. Eins má safna saman 80% ársvaxta allt að fimm samfelldra ára til úthlutunar á einu ári. Fari úthlutun hins vegar ekki fram í fimm ár eða meira, falla allir ársvextir eldri en fimm ára endanlega til bundins höfuðstóls.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum Sálarrannsóknarfélags Íslands og síðan birtir í Stjórnartíðindum.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. febrúar 1972.

Elinborg Lárusdóttir.

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Hofsár.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hofsár.  
Heimili þess og varnarþing er Geithellnahreppur, Suður-Múlasýslu.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hofsá í Álftafirði, en þær eru Flugustaðir, Hof, Markúsarsel, Tunguhlíð og Stórhóll.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda eigi síðar en í septembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Sektir renna í rikissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. maí 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T****fyrir Veiðifélag Skraumu.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Skraumu.  
Heimili þess og varnarþing er Hörðudalshreppur í Dalasýslu.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að ánni Skraumu, en þær eru Hóll, Bjarmaland, Selárdalur, Blönduhlið. Ketilstaðir, Álfatraðir og Gautastaðir.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.